



Reykjavík, 13. febrúar 2026
PON24100032

Borgarráð

Heimild til að hefja innleiðingu á stafrænu borgarkorti

Á fundi stafræns ráðs þann 11. febrúar 2026 var lögð fram heimildarbeiðni, dags. 21. janúar 2026, um heimild til að hefja innleiðingu á stafrænni kortalausn fyrir þjónustur menningar- og íþróttasviðs sbr. 3. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d. Lagt var til að stafrænt ráð samþykki verkefnið og að það yrði skilgreint í fyrsta forgangi.

Tillagan var samþykkt og vísað til meðferðar borgarráðs.

Stafrænt ráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Stafrænt ráð styður heils hugar að hefja innleiðingu stafræns borgarkorts fyrir þjónustur menningar- og íþróttasviðs. Með borgarkortinu sameinum við aðgang að þjónustu sem í dag krefst þriggja ólíkra plastkorta og færum íbúum og gestum nútímalegri og þægilegri þjónustu. Lausnin er þegar komin í rekstur, samþættingar við lykilverkið að klárast og því unnt að hefja innleiðingu á 17 þjónustustöðum, þar á meðal sundlaugum, söfnum og Ylströndinni. Verkefnið er mikilvægur þáttur í stafrænni vegferð borgarinnar: Dregur úr álagi í framlínu með einfaldari ferlum og aukinni sjálfsafgreiðslu, eykur gagnsæi um virkar áskriftir og býr til rými fyrir þjónustuumbreytingu á starfsstöðum. Innleiðingin styður auk þess við Græna planið með minni plastnotkun og lægra kolefnisspori.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri



Reykjavík



Reykjavík, 21. janúar, 2026
PON24100032

Efni: Heimild til að hefja innleiðingu á stafrænu borgarkorti

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja innleiðingu á stafrænni kortalausn fyrir þjónustur menningar- og íþróttasviðs sem eru í dag virkjaðar í gegnum þrjú ólík plastkort. Innkaup á stafrænni kortalausn er lokið og óskað er eftir verkefnastjóra til að halda utan um innleiðingarferlið.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá febrúar 2026 til maí 2026 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 2625 þ. kr. þar af 2625 þ. kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum.

Fjármögnun rekstrarhluta verkefnisins hefur verið staðfest og samþykkt af eiganda verkefnisins og fjármálastjóra viðkomandi sviðs, dags. 25.11.2024.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík



Reykjavík, 27. Janúar 2026
PON24100032

Greinargerð um verkefnið:

Verkefnið felst í því að ljúka innleiðingu stafræns borgarkorts sem sameinar aðgang borgarbúa og gesta að fjölbreyttri þjónustu Reykjavíkurborgar. Lausnin er komin í rekstur og tengingar við lykilkerfi eru að klárast og er því unnt að hefja innleiðingu á 17 þjónustustöðum, þar á meðal sundlaugum, söfnum og Ylströndinni. Innleiðing í fjölskyldu- og húsdýragarðinum mun svo geta farið fram í kjölfar breytinga á gjaldskrá sviðsins sem eru í farvegi. Verkefnið krefst samhæfingar milli tæknilausnar, þjónustuhönnuða og kynningar á nýrri stafrænni vöru til borgarbúa til að tryggja heildstæða og notendamiðaða innleiðingu.

Verkefnið styður við Græna planið með því að draga úr plastnotkun og minnka kolefnisspor borgarinnar og fellur jafnframt að samstarfssáttmála meirihlutans og þjónustustefnu borgarinnar, þar sem lögð er áhersla á sjálfbærni, stafræna umbreytingu og einfaldaða, nútímalega þjónustu fyrir borgarbúa. Innleiðingin svarar auk þess kalli borgarbúa eftir stafrænu korti.

Mikilvægt er að ráðast í innleiðinguna nú, þar sem þegar hefur verið fjárfest í lausninni og einungis eftir að ljúka síðasta skrefinu og hrinda henni í framkvæmd.

Heildarkostnaður verkefnisins samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 2625 þ. kr. og felur í sér laun verkefnastjóra á innleiðingartíma.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá febrúar 2026 til maí 2026 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 2625 þ. kr., þar af tilheyra 2625 þ. kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Pröstur Sigurðsson
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur



Reykjavík



Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

Fylgiskjöl:

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð

Frumkostnaðaráætlun/umfangsmat

Reykjavík, (3.2.2026)

Verkefnaráðsfundur: 15.01.2026

Stafrænt borgarkort MÍR

Samantekt:

Reykjavíkurborg býður upp á fjölbreytta menningar- og afþreyingarþjónustu sem borgarbúar greiða fyrir. Til að auðvelda þjónustuveitingu og færa hana á nútímalegt form hefur verið tekið upp stafrænt borgarkort.

Samningur var gerður við fyrirtækið PassCreator í maí 2025. Lausnin er komin í rekstur, tengingar við fyrirliggjandi kerfi eru að klárast og nú er hægt að hefja innleiðingu á 17 þjónustustöðum Reykjavíkurborgar.

Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 2.625.000 kr.

Áætluð tímalengd verkefnis: 10 vikur

Skor í Fylki frá verkefnaráði PON: 5,00

Ábati 33%: 5

Mikill mælanlegur og ómælanlegur ábati, gróflega áætlaður ábati var reiknaður 11 milljónir í upphafi verkefnis á ári.

Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%: 5

Verkefnið tryggir sjálfvirkni og nútímavæðir innviði. Verkefnið hefur áhrif á bæði starfsmenn og íbúa og bíður upp á tækifæri á vöruþróun.

Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 5

Mun hafa jákvæð áhrif á stóran hóp borgarbúa sem nýtir sér þjónustu MÍR sem og aukinni starfsánægju starfsmanna.

Lagalegar kröfur – Nei

Dæmi: Lagaleg krafa er ekki til staðar.

Virðingarfyllt,
Verkefnaráð
Þjónustu og nýsköpunarsvið



Reykjavík



Stafrænt borgarkort

Eigandi: Steinþór Einarsson, sviðstjóri MÍR

Þarfagreining

Stafrænt borgarkort er hluti af stafrænni vegferð borgarinnar að einfalda þjónustu og færa hana nær borgarbúanum og svarar ákalli um stafrænt kort með upplýsingum um virkar áskriftir á korti frá notendum þjónustunnar. Breytingin býr til rými til þjónustuumbreytingar á starfsstöðum MÍR.

Kostnaður

Heildarkostnaður 2625 þ. kr.
Eignasjóður 2625 þ. kr.

Tímalína

febrúar 2026 – maí 2026

Áskorun

- Klára innleiðingu stafræns borgarkorts eftir útboð lausnar.
- Þrír þræðir sem þarf að stilla saman: a) Tæknileg innleiðing, b) þjónustuumbreyting og innleiðing hjá framlínu og c) markaðssetning á nýrri vöru til borgarbúa og gesta.

Markmið

- Full innleiða starfræna vöru og nýja þjónustu til borgarbúa á sem bestan og skilvirkastan hátt með því að vinna alla þræði saman með verkefnastjóra sem heldur utan um heildar innleiðingu.

Áætlaður ávinningur (ábatamat)

Dregur úr álagi í framlínu með einfaldari ferlum og sjálfsafgreiðslu.

Tækifæri sölu og þjónustupróun s.s. auka smásölu þar sem tími mun gefast í aðra þjónustu en aðgangseyri.

Minnskað kolefnisspor: Í umferð eru rúmlega 80.000 plastkort - ný plastkort árlega eru ca. 10.000. Þau voru 17.000 árið 2023.

Ánægja og tímasparnaður notenda:

Einfaldari gjaldskrá eykur skýrleika og gagnsæi

Mikilvægur þáttur í stafrænni umbreytingu borgarinnar og svar við ákalli notenda; bætir þjónustuna og eykur ánægju notenda

= Áætlaður ábati er a.m.k. 11.000.000 kr. á ári.

Verkefnastjóri: Salvör Gyða Lúðvíksdóttir

Verkefnateymi: Salvar Þór, Kristjana Guðjónsdóttir, Lína Petra Þórðardóttir, Sif Baldursdóttir

Stafrænn leiðtogi: Lára Aðalsteinsdóttir




Stafrænt borgarkort

Innleiðing og lúkning verkefnis
– svo við lendum ekki í vanda

Lára Aðalsteinsdóttir stafrænn leiðtogi

Salvör Gyða Lúðvíksdóttir verkefnastjóri


Steinþór Einarsson sviðstjóri MÍR eigandi verkefnis





Í hnotskurn

- Reykjavíkurborg býður upp á fjölbreytta menningar- og afþreyingarþjónustu sem er greitt fyrir. Til að auðvelda þjónustuveitingu og færa okkur til nútímans á að taka upp stafrænt borgarkort
- Markmiðið nú er að ljúka innleiðingu á stafrænu borgarkorti
- Árið 2025 komu upp ófyrirséðar hindranir í verkefninu sem höfðu mikil áhrif á tímalínur (sjá glæru 4)
- Lausnin er komin í rekstur, tengingar við fyrirliggjandi kerfi að klárast og því loksins hægt að innleiða á þjónustustaði. Þeir eru 17 talsins og fjölbreyttir. Því þarf góðan stuðning sem samþættir alla þætti innleiðingarinnar.





Ákvörðun verkefnaráðs

- Ósk um verkefnastjóra til að halda utan um innleiðingu og sameina alla þætti verkefnisins.
 - Að innleiðingu koma þjónustuhönnuðir, forstöðumaður markaðsmála hjá MÍR og vörustjóri stafrænnar lausnar ásamt öllu því starfsfólki sem mun sjá um um að afgreiða stafræna borgarkortið til borgarbúa og gesta.
- Óskað er eftir verkefnastjóra í 70% verkefnastýringu í 10 vikur = 2625 þ. kr.





Vandamálið



- Tímalína hélt ekki, útboð tók lengri tíma en áætlað var.
- Verkefni er í lúkningafasa og veskislausn komin í rekstur en innleiðing hefur ekki átt sér stað.





Hvað er búið að gera

- Eftir POC verkefni árið 2024 var farið í útboð á stafrænni veskislausn fyrri hluta árs 2025.
- Útboði lauk í maí 2025.
- Samþætting kerfa hófst haustið 2025.
 - *Tengingar við afgreiðslukerfi BRP eru áskorun og hafa tafið verkefnið ásamt öðrum þáttum, sjá glæru 4.*
 - *Millilag til að sækja gögn í BRP kerfið verður tilbúið til notkunar í janúar 2026, er það gert til að vinna í kringum takmarkanir BRP kerfisins.*
 - *Millilagið er gert til að uppfylla væntingar notenda til stafræns borgarkorts eftir notenda prófanir.*

Hönnun á útliti stafræns borgarkorts lauk í nóvember 2025 og eru kortin tilbúin til útgáfu.



Lausnin



- Opna verkefnið Stafrænt borgarkort aftur og fá inn verkefnastjóra sem heldur utan um innleiðingu þar sem hún er bæði tæknileg og þjónustuumbreyting fyrir kjarnasviðið.
- Fá verkefnastjóra til að stilla strengi og halda öllum þráðum gangandi.
 - *Þjónustuhönnun hefur verið að greina skrefin fyrir innleiðingu.*
 - *Vörustjóri og gagnþjónusta að byggja millilag til að bæta notendaupplifun.*
 - *Forstöðumaður markaðsmála að leggja upp markaðsherferð til að kynna nýja vöru.*
- *Þarf að samstillast á milli MÍR og ÞON: tæknilega, þjónustulega og markaðslega.*
 - *Nauðsynlegt að yfirsýn sé á einni hendi með innleiðingu.*





Breytingar





- **Ábati – hvernig breytist hann?**
 - Engar breytingar frá fyrri útreikningum
- **Afurðir – er breyting?**
 - *Notendavænni lausn sem er unnin skv. óskum úr notendaprófunum. Virkar áskriftir birtar á stafrænu korti sem er þjónustubæting frá núverandi lausn (plastkort).*
- **Hvað gerist ef verkefnið er ekki unnið?**
 - *Þegar hefur verið fjárfest í verkefninu upp á 16.908 þ.kr. auk 33% vörustýringar á stafrænni kortalaus frá september 2025, fjárfesting sem færi forgörðum ef ekkert er gert*
 - *Við eigum lausn sem býr til stafrænt kort sem er ekki notuð*
 - *Göngum gegn vilja núverandi meirihluta í borginni*
 - *Hunsum vilja borgarbúa sem hafa kallað eftir rafrænni lausn í stað núverandi plastkorta sem veita ekki neinar upplýsingar um virkar áskriftir.*





Breytingar – tímalína





Ákvörðun verkefnaráðs

- Ósk um verkefnastjóra til að halda utan um innleiðingu og sameina alla þætti verkefnisins.
 - Að innleiðingu koma þjónustuhönnuðir, forstöðumaður markaðsmála hjá MÍR og vörustjóri stafrænnar lausnar ásamt öllu því starfsfólki sem mun sjá um um að afgreiða stafræna borgarkortið til borgarbúa og gesta.
- Óskað er eftir verkefnastjóra í 70% verkefnastýringu í 10 vikur = 2625 þ. kr.





Næstu skref



- Sannprófa leiðbeiningar skv. nýjustu uppfærslum
- Keyra út beta kort til starfsfólks ÞON og MÍR
- Útbúa markaðsáætlun
- Bjóða öllu starfsfólki RVK að sækja rafrænt kort
- Innleiðing á starfsstöðum MÍR
 - Sundlaugar (8 staðir)
 - Listasafn Reykjavíkur (3 staðir)
 - Borgarsögusafn (4 staðir)
 - Fjölskyldu og húsd gr. (1 staður)
 - Ylströnd (1 staður)
- Keyra út beta kort til árskortshafa í sund og bjóða þeim að skipta út plastkorti
- Kynning til viðskiptavina



Reykjavík




Mælanlegur ábati verkefnis

Matsliður	Núllstaða	Breyting	Ábati	Ath
Dregur úr akstri	Hvað er ekið mikið núna (fjöldi KM)	Hvað verður ekið mikið eftir breytingu (fjöldi KM)	Hvað sparast mikill akstur vegna verkefnis	Hér má gera grein fyrir öðrum mælanlegum umhverfisáhrifum sem verkefnið kann að hafa í för með sér.
Sparar tíma, starfsfólk	Hversu mikill tími fer í verkefni (klst/starfhlutfall)	Hversu mikill tími fer í verkefni eftir breytingu (klst/starfhlutfall)	Hvað sparast mikill tími	Hægt að gera mælingar á stökum verkefnum og margfalda
Sparar tíma, borgarbúa	Hversu mikill tími fer í verkefni (klst/starfhlutfall)	Hversu mikill tími fer í verkefni eftir breytingu (klst/starfhlutfall)	Hvað sparast mikill tími	
Fækkar kærum	Fjöldi kærumála, lagalegur ágreiningur	Áætlaður fjöldi mála eftir breytingu	Hversu mikið mun málum fækka	
Kostar minna	Kostnaður núna	Kostnaður eftur breytingu	Hvað sparast mikið	Hér er miðað við annan kostnað en starfsmannakostnað, það getur verið aðföng eða gjöld fyrir hugbúnað
Möguleiki á samrekstri	Erum við að samreka núna	Mögulegt fjármagn sem fengist af samrekstri eða hlutfall	Hvað er hægt að samreka mikið	Á við þegar fleiri samstarfsverkefni þvert á sveitafélög/stofnanir fara af stað.

- Útreikningar ættu að vera á ársgrundvelli ef það er hægt
- Eðlilegt að ekki sé hægt að áætla stöðu eftir breytingu, mikilvægast að gera grein fyrir núllstöðu í upphafi
- Svara þeim matsliðum sem eiga við, sum verkefni passa ekki í neinn lið. Þarf ekki að útskýra hér
- Ekki svara með texta bara tölur, ef þær eru ekki til eða óaðgengilegar þá er það bara þannig
- Halda utan um forsendur útreikninga, mælingar og annað í öðru skjali og skila með
- Ábatamat á að byggja á auðsækjanlegum upplýsingum eða einföldum mælingum sem eru uppreiknaðar



Breytingar – tímalína





Ákvörðun verkefnaráðs

- Ósk um verkefnastjóra til að halda utan um innleiðingu og sameina alla þætti verkefnisins.
 - Að innleiðingu koma þjónustuhönnuðir, forstöðumaður markaðsmála hjá MÍR og vörustjóri stafrænnar lausnar ásamt öllu því starfsfólki sem mun sjá um um að afgreiða stafræna borgarkortið til borgarbúa og gesta.
- Óskað er eftir verkefnastjóra í 70% verkefnastýringu í 10 vikur = 2625 þ.kr.

